



3. fundur skólaráðs

Þriðjudaginn 4. október 2022, kl. 11:50

1. Umsóknir um leyfi

Afgreiðsla umsókna um leyfi er send á netfang viðkomandi nemanda eða forráðamanns. Hafa ber í huga að námið er á ábyrgð nemenda meðan á leyfi stendur.

2. Félagslíf og fjarmál nemendafélaga

Árshátíðardaginn þann 20. október fá nemendur frí frá 14:30. GO mun sjá um leit fyrir borðhald nemenda og koma nemendur í 4. bekk kl. 17:00, í 5. bekk kl. 17:20 og svo 6. bekk kl. 17:40. Matur verður framreiddur kl. 18:00. Sveppi og Pétur munu halda uppi stuðinu meðan á borðhaldi stendur.

3. Önnur mál

1. Í vor verða tvær ferðir í boði á málabraut. Annars vegar fara nemendur í spænsku nýmálabrautar (6. bekkur) til Madríd og hins vegar fara nemendur fornálabrautar til Rómar. Ferðirnar skarast að hluta en ekki er í boði að fara í báðar ferðirnar.
2. Hugmyndir um að meta störf nemenda í félagslífinu til eininga ræddar, þ.e. sleppa einu valfagi í 6. bekk. Allir sammála um að nemendur sem taka þátt í Gettu betur og Morffís, sem og Inspector scolae og forseta framtíðarinnar fái vinnu sína metna til eininga. Stendur til að skoða önnur embætti síðar í vetur en fyrst þarf að meta vinnuna að baki.

Fundinn sátu:

Andrea Edda Guðlaugsdóttir fulltrúi nemenda
Arnór Bjarki Svarfdal Arnarson félagsmálafulltrúi
Einar Hreinsson konrektor
Hrefna Marín Sigurðardóttir fulltrúi kennara
Hróbjartur Örn Guðmundsson fulltrúi kennara
Ólöf Erna Leifsdóttir kennslustjóri
Sigrún Benedikz fulltrúi kennara
Sólveig Guðrún Hannesdóttir rektor